

sein eg átti, talsvert öræll eit eg hefði átt að gera. Peningavandráði míni urðu svo alvarleg, að eg gekk bráðlega úr skugga um það, að annaðhvort hlyti eg að yfirgefa höfuðstaðinn og hafast við einhvers staðar út á landi, eða breyta línaðarháttum mínum algerlega að öðrum kosti. Eg ásetti mér að gera hið síðanefnda, og byrjaði með því að ákveða að flytja burt frá hótelinu og velja mér viðhafnarmanni og ódýrari sunastað.

Einmitt sama daginn, sem eg komst að niðurstöðn þessari, stóð eg upp við drykkjuborðið í Criterion-drykkjustofunni þegar einhver klappaði á öxlinu á mér, og þegar eg leit við, sá eg þar pilt, sem Stamford hét og hafði búið nán sár undir tilsgögn minni á Bart-spítalanum. Að hitta vin á annarri eins eyðimörk eins og í London, er sannarlega ánaegjuefní fyrir einmana og ókunnugan mann. Á fyrri tímum hafði Stamford enginn sérlegur vinur minn verið, en nú tók eg honum með fagnaðarlátum, og honum virtist vera það fagnaðarefni að hitta mig. Í þessari ofgnott gleði minnar þauð eg honum að borða með mér á Holborn-hótelinu, og lögðum við á stað þangað í leiguvgagni.

„Hvernig hafið þú getað farið svona með yður, Watson?“ spyrði Stamford óldungis forviða, á meðan vagninn var að skrölta með okkur eftir götunum. „þér eruð mjór eins og þvengur og mórauðir eins og hneta.“

Eg skyrdi honum stuttlega frá öllu, sem fyrir mig hafði komið, og hafði naumlega lokið sögunni þegar við komum á áfangastað okkar.

„Vesalingurinn!“ sagði hann meðaumkvímarlega, eftir að eg hafði lokið sögu minni. „Hvað er yður nú á höndum?“